

GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í SAMFÉLAGSGREINUM Í 10. BEKK

Lýsing á námi og kennslu í Garðaskóla er sett fram af kennurum til að koma á framfæri til nemenda markmiðum með þeim verkefnum sem unnin eru í skólanum. Viðfangsefni miðast við kröfur Aðalnámskrár grunnskóla. Hér er lýst þeirri hæfni sem nemendur eiga að ná á árinu og hvernig viðfangsefni þeir glíma við til að ná settum viðmiðum. Námsáætlunin gefur upplýsingar um þá leiðsögn og námsmat sem nemendum er gefið í námsgreininni. Kennsluáætlunin er lifandi skjal og birt með fyrirvara um breytingar.

Skóladagatal Garðaskóla má nálgast á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/skoladagatal/>

Upplýsingar um heimanám og verkefni hverrar viku má nálgast á Innu. Nemandi ber ábyrgð á eigin námi og að standa skil á þeim þáttum sem teknir eru til námsmats. Ef nemandi missir úr kennslustund þarf hann að afla sér upplýsinga um heimavinnu og afla þeirra gagna sem þörf er á. Ef nemandi skilar ekki tilteknum þætti til námsmats getur það þýtt að lokamat geri ekki rétta grein fyrir hæfni hans.

Læsi til náms:

Í samfélagsgreinadeild er markvisst og ómarkvisst unnið með læsi. Lestur og lesskilningur er mikilvægur þáttur í að skilja samfélagið og hvernig hjólin þurfa að snúast í takt til þess að hlutirnir gangi upp – svokallað samfélagslæsi.

Á markvissan hátt er unnið með hugtakakort og orð sem teljast torskilin. Það er meðal annars gert með því að nemendur lesa valda hluta úr köflum kennslubóka og velja orð sem þeir telja að þeir sjálfir eða aðrir nemendur skilji ekki. Að lokum er orðið útskýrt, hvort sem það er af nemanda eða kennara.

Rýnilestur, hugtakalæsi og tímalínur eru einnig markvisst notaðar til þess að dýpka skilning á efninu. Nemendur læra að setja sig í spor annarra og reyna að fá tilfinningu fyrir upplifunum, tilfinningum og reynslu annarra með ímyndunarafli sínu sem er þó stutt við heimildir af raunverulegum atburðum.

Í öllum þremur árgöngum er mikil áhersla á tjáningu og framsögn. Fyrirlestrar og kynningar nemenda er veigamikill þáttur af námi í samfélagsfræði. Allir fyrirlestrar kennara eru þátttökufyrirlestrar og ætlast er til að nemendur taki þátt.

Þrjú þrep samfélagsgreinanna eru sýnileg á veggjum í viðkomandi kennslustofum. Fyrsta þrep er að þekkja efnið, skilgreiningu hugtaka og vera fær um að vera spurður um staðreyndir. Annað þrep er að skilja efnið, umorða skilgreiningu hugtaka og vera fær um að tengja saman staðreyndir. Þriðja þrep er svo að segja sína skoðun á efninu, beita hugtökum til þess að tjá og rökstyðja sína sýn á efninu. Þessi þrjú þrep eru lykill að farsælum árangri í samfélagsgreinum.

Kennarar:

Hilmar Þór Sigurjónsson hilmarsig@gardaskoli.is

Kristjana Fjóla Sigursteinsdóttir kristjana@gardaskoli.is

Reynir Engilbertsson reynir@gardaskoli.is



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í SAMFÉLAGSGREINUM Í 10. BEKK

Lota 1 – Samfélagið

Vikur 34-36 21.08-08.09

21.08 Skipulagsdagur

08.09 Dagur læsis

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Hvað er samfélag og hvernig virkar það? Af hverju högum við okkur eins og við högum okkur? Hvers vegna er ég eins og ég er?	Hvað er samfélag?, bls 4-21 Sinn er siður, bls 22-35	
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni - Útskýrt og rökrætt valin hugtök, sem notuð eru til að fjalla um félagsfræði, þjóðfélagsfræði og stjórnskipan - Útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur - Gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta		

Lota 2 – Áhrifavaldar

Vikur 37-39 11.09-29.09

18.09 Skipulagsdagur

26.09 Evrópski tungumáladagurinn

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Hver mótast okkur? Hversu áreiðanlegir eru fjölmiðlar? Hver er munurinn á samfélagsmiðlum og fjölmiðlum? Hvað er dulin markaðssetning?	Félagsmótun, bls 36-49 Menning og samfélag, bls 50-65	Fjölmiðlarýni - greinagerð - kynning
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni - Geta greint og útskýrt áhrif fjölmiðla, áróðurs, markaðssetningar og hópþrýstings á mótun einstaklinga og hópa - Vegið og metið áhrif fyrirmýnda og staðalmynda á mótun sjálfsmynda		



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í SAMFÉLAGSGREINUM Í 10. BEKK

Lota 3 – Stjórn málafræði
Vikur 40-42 02.10-20.10

02.-06.10 Forvarnarvika Garðabæjar
17.10 Samráðsdagur heimilis og skóla

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Hvaðan kemur lýðræði og hvaða máli skiptir það? Hvernig virka kosningar? Hverjir	Stjórn mála bls 114-129 Viðmið og frávík bls 140-153	Skólaþing - greinagerð - kynning
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni - Útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn - Útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórn mála, atvinnulíf og hugmyndastefnur - Greint hvernig stjórn mála og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga		

Lota 4 – Mannréttindi
Vika 43-44 23.10-03.11

27.10 Skipulagsdagur
08.11 Baráttudagur gegn einelti
16.11 Dagur íslenskrar tungu

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Hver eru mannréttindi barna? Hvað gerist þegar mannréttindi eru brotin? Hverjir geta stöðvað mannréttindabrot?	Alþjóðasamfélagið og mannréttindi bls 154-171	Mannréttindabrot greinagerð
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni - Rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum - Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi		

Lota 5 – Samþætt ritunarverkefni með íslenskudeild
Vika 45-47 06.11-24.11

29.11 Skipulagsdagur

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni		

Lota 6 – Fjármál
Vika 48-50 27.11-15.12

29.11 Skipulagsdagur



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í SAMFÉLAGSGREINUM Í 10. BEKK

Viðfangsefni Í hvað fara launin mín? Hvernig er best að spara? Hvernig kaupi ég hluti? Hvernig virkar lán?	Námsefni Lífið er rétt að byrja: grunnatriði í fjármálum einstaklinga	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni - Tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags		

Vika 52 - 21.12-03.01 Jólaleyfi

Vika 1-5 - Kalt stríð - 01.01-02.02

01.01 Nýársdagur

Viðfangsefni Hvað breyttist eftir síðari heimsstyrjöldina? Hvað er kalt stríð? Af hverju allir þessir -ismar?	Námsefni Frelsi og velferð bls 4-45	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni		

Vika 6-7 – Íslenska velferðarsamfélagið - 05.02-16.02

Viðfangsefni Hvað er velferð? Hvernig varð Ísland velferðarríki? Hvað gerðist á Íslandi árin eftir stríð? Var þorskastríðið þroskað stríð?	Námsefni Frelsi og velferð bls 46-71	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni		

Vika 8 - 19.02-23.02 Vetrarfrí

Vika 9-12 – Ísrael-Palestína - 26.02-23.03

Viðfangsefni Hver á réttinn á Landinu helga?	Námsefni Frelsi og velferð bls 72-91	Leiðsagnarmat og annað námsmat
--	--	---



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í SAMFÉLAGSGREINUM Í 10. BEKK

Hvaða þýðingu hafa deilur í Mið-Austurlöndum fyrir heiminn? Hvernig hefur verið reynt að halda friðarviðræður á milli Ísraels og Palestínu?		
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni		

Vika 13 - 26.03-02.04 Páskaleyfi

Vika 14-16 – Sjálfstæði í nýlendum - 02.04-20.04

02.04 Annar í páskum

Viðfangsefni Hvers vegna urðu nýlendurnar sjálfstæðar eftir síðari heimsstyrjöldina? Hvers vegna voru nýlendurnar ekki sjálfstæðar löngu fyrr? Hvaða verkefni mættu nýfrjálsum ríkjum eftir sjálfstæði?	Námsefni Frelsi og velferð bls 92-107	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni		

Vika 17-19 – Sameining Evrópu - 23.04-11.05

Viðfangsefni Franskir og þýskir hermenn börðust gegn hvor öðrum í fyrri og seinni heimsstyrjöld, en hvernig og hvers vegna vinna þeir saman í dag? Hvað gerðist á Balkansskaga? Hver er staðan í heiminum í dag?	Námsefni Frelsi og velferð bls 108-129	Leiðsagnarmat og annað námsmat
--	--	---------------------------------------



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í SAMFÉLAGSGREINUM Í 10. BEKK

Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni

Vika 20-23 – Staða Íslands í dag - 14.05-08.06

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Hvar stendur Ísland í dag? Tekur Ísland við flóttafólki?	Frelsi og velferð bls 130-137	
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni		

Vika 21 - 21.05-25.05 Annar í hvítasunnu og prófadagar



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í SAMFÉLAGSGREINUM Í 10. BEKK

Samantekt á hæfniviðmiðum:

Viðmið í lykilhæfni og hæfni í námsgreininni: „Við lok skólaárs getur nemandi...“

Hæfniviðmið

- Útskýrt og rökrætt valin hugtök, sem notuð eru til að fjalla um félagsfræði, þjóðfélagsfræði og stjórnskipan
- Gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta
- Útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn
- Útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnmál, atvinnulíf og hugmyndastefnur
- Greint hvernig stjórnmál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga
- Útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur
- Geta greint og útskýrt áhrif fjölmiðla, áróðurs, markaðssetningar og hópþrýstings á mótun einstaklinga og hópa
- Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar
- Tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags

Lykilhæfni

- Tekið virkan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu
- Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga
- Rökrætt við aðra um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhólum
- Skipulagt og framkvæmt athuganir, skoðanakannanir, viðtöl og greint tölulegar og efnislegar niðurstöður þeirra
- Kynnt fyrir öðrum verkefni sín og skoðanir með fjölbreyttum hætti, einn og sér og í samstarfi við aðra
- Spurt rannsakandi spurninga
- Nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og notað orð og hugtök á fjölbreyttan hátt
- Skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri
- Nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu
- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda

